



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 13. maí 2024
24042272/005.05 PÞM

Efni: Fyrirspurn Árna Péturs Árnasonar áheyrnarfulltrúa Pírata um fjölda aðgangsbeyðna og upptökur á fundum. Fyrirspurnir 4 og 6.

Fyrirspurn nr. 4.

Hversu margar aðgangsbeyðnir að skjölum í Héraðsskjalasafni hafa verið gerðar frá 2014? Óskað er eftir sundurliðun eftir árum.

Svar

Samkvæmt upplýsingum frá Héraðsskjalaverði hafa tölur hvað þetta varðar verið áætlaðar frá ári til árs þar sem óskir um afgreiðslu eru ýmist settar fram með formlegum skriflegum hætti eða óformlegri hætti, jafnvel munnlegum á staðnum. Það liggur því ekki fyrir hver fjöldi aðgangsbeyðna að skjölum í Héraðsskjalasafni Kópavogs sé frá árinu 2014.

Fyrirspurn nr. 6.

1. Telur Kópavogsbær að upptökur af fundum, svo sem fundum bæjarstjórnar, séu opinber gögn sem lúta varðveislu- og skilaskyldu til Þjóðskjalasafns, sbr. 2. gr. 1. mgr. reglna 100/2014 um afhendingu vörsluútgáfna?

2. Telst upptaka af fundi fylgigagn fundarins?

3. Hafa slíkar upptökur verið vistaðar á öruggan hátt í skjalastjórnunarkerfi bæjarins og varðveittar Héraðsskjalasafni Kópavogs eftir fimm ár, sbr. 15. gr. 1. mgr. laga um opinber skjalasöfn?

4. Hefur upptökum af fundum á vegum bæjarins verið eytt? Var heimildar til slíks verið aflað frá Þjóðskjalasafni, sbr. 6. gr. reglna 11/2014 um afhendingu vörsluútgáfna?

Svar

1. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er hugtakið skjal skilgreint sem hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og



hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings. Í 2. gr. reglna um afhendingu vörsluútgáfna nr. 100/2014 segir að gögn úr rafrænum gagnakerfum, sbr. skilgreiningu í 1. gr. reglnanna, og hljóð- og myndskleið, sem ákveðið hefur verið að varðveita, skal varðveita eftir reglum Þjóðskjalasafns Íslands um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila. Þá segir einnig að viðtökuskjalasafn getur ákveðið að varðveita skuli önnur skjala- og gagnasöfn í formi vörsluútgáfu en skilgreind eru í 1. mgr. vegna varðveislusjónarmiða. Kópavogsbær hefur ekki ákveðið að varðveita umræddar upptökur hjá Héraðsskjalasafni en þær eru aðgengilegar öllum á vefsíðu bæjarins. Hægt er að nálgast upptökurnar með eftirfarandi vefslóð:

<https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/upptokur-af-fundum-baejarstjornar>

2. Ekki er unnt að fallast á það. Upptökur af fundum lúta meira að því að stuðla að auknu aðgengi almennings að fundum. Upptökur eru ekki lagðar fram á fundum og teljast ekki til fylgigagna þeirra.

3. Slík ákvörðun hefur ekki verið tekin, sbr. einnig svar við nr. 1.

4. Samkvæmt upplýsingum frá UT-deild byrjuðu útsendingar í mynd haustið 2017 og síðan þá hafi engu verið eytt samkvæmt þeirra vitund.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Mátsson
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

